

Athugasemdir við 2. áfanga rammaáætlunar

Niðurstaða 2. áfanga rammaáætlunar um röð virkjunarkosta er og verður alltaf umdeilanleg en til að gæta allrar sanngirni gengur Framtíðarlandið út frá því að faghópar hafi haldið sig innan ramma auglýstrar aðferðarfræði. Það eru þó nokkur atriði sem dregin eru hér fram og gerðar athugasemdir við.

a) Vinna faghóps III vegna eftirtalinna atriða virka mjög undarleg. Að ætla sér að meta áhrif virkjunarkosta sem slíkra á vinnumarkað og byggðapróun er vonlaus vegur. Þau fara algerlega eftir því hvernig og hvar orkan er nýtt. Ennfremur koma fram ýmis aukaáhrif sem vísindamenn nefna "hærri gráðu liði" eða "ólínulega liði" sem mjög erfitt er að sjá fyrir. Hverjum datt t.a.m. í hug að framkvæmdirnar á Austurlandi sællar minningar myndu setja Íbúðalánsjód í vandræði eins og fram kom í fréttum nýverið?

b) Skaftárveita án Langasjávar er flokkuð ofarlega í lista yfir hagkvæma virkjunarkosti. Hins vegar er ekkert minnst á áhrif Skaftárhlaupa á rekstur slíkrar veitu. Mikil hlaup verða reglulega í Skaftá og þeim fylgir mikill aurburður. Gera má ráð fyrir að þetta set myndi valda talsverðum vandræðum í virkjunum. Set gæti fyllt miðlunarlón á tiltölulega skömmum tíma. Í fljótu bragði virðast aðeins tvær tæknilegar lausnir vera á þessum vanda. Önnur er að nota Langasjó sem setgildru. Hin er að hleypa hlaupunum niður upphaflegan farveg Skaftár. Báðar þessar lausnir hafa einstaklega neikvæð áhrif á náttúruverndargildi þessa landsvæðis og eru því umhverfislega mjög kostnaðarsamar.

c) Yfirborðsmat á stærð óraskaðra jarðhitasvæða vekur athygli. Það að meta vinnslugetu jarðhitasvæða út frá viðnámsmælingum er varasamt og umdeilanlegt. Viðnámsmælingar sýna vissulega fingraför jarðhita, þ.e. svokallaðan háviðnámskjarna. Gallinn er hins vegar sá að þær sýna ekki einungis jarðhitann eins og hann er í dag heldur einnig hvar hann hefur verið. Ennfremur sýna viðnámsmælingar ekki hvar lekt er að finna í jarðlögum. Lekt er vissulega nauðsynleg svo hægt sé að nema varmann úr berginu. Eitthvað var stuðst við yfirborðsjarðfræði þar sem viðnámsgögn lágu ekki fyrir en yfirborðsummerki jarðhita geta verið undir sömu sök sett og viðnáms-mælingar. Þau geta verið merki um hita sem var og er ekki lengur.

d) Vandamálið við jarðhitamat kristallast svolítið í töflu 5.3 á bls. 60 í heildarskýrslunni um niðurstöðu faghópa. Þar sem afkastagetan er gefin upp á þann hátt að tilteknar líkur (5%, 50% og 95%) eru á því að vinna megi uppgefið afl úr svæðunum í 50 ár. Gallinn er að mjög lítil reynsla er á því hvernig jarðhitakerfi - þ.e. háhitakerfi - bregst við langvarandi vinnslu. Í rauninni er mjög lítið vitað um rætur jarðhitakerfa og hversu djúpt þau ná. Þessi óvissa hlýtur að verða að koma inn í hagkvæmnimat mögulegra jarðhitavirkjana. Áhættan af framkvæmdinni er háð því í hve stórum skrefum ráðist er í hana.

e) Sjálfbærni er eitthvað sem ekki hefur verið skilgreint nægjanlega vel í jarðhitavirkjunum á háhitasvæðum. Sjálfbærni er eitthvað sem verður að taka tillit til þegar virkjanakostir eru metnir. Eins og áður segir er enn lítið vitað um rætur jarðhitakerfa sem gerir spurninguna um sjálfbærni mjög erfiða viðfangs. Ljóst er að brýn nauðsyn er á frekari grunnrannsóknnum áður en tekin verður ákvörðun um byggingar nýrra jarðvarmaorkuvera.

f) Þar sem endingartími vinnslusvæða jarðhitavirkjana er ekki óendanlegur er ekki nægjanlegt að raða virkjunarkostum í fýsileikaröð. Það þarf einnig að vera fyrir hendi einhvers konar samræmt skipulag um það hvernig þessi svæði skulu nýtt. Það er ekki ásættanlegt að þurrausa þau öll í einu.

g) Framtíðarlandið gagnrýnir þá hugmyndafræði að meta friðuð svæði eins og Gullfoss, Dettifoss og Geysi. Á sama hátt hefði þá átt að meta virkjanir sem eru nú þegar í notkun t.a.m. Kárahnjúkavirkjun, Búrfellsvirkjanir og Reykjanesvirkjun. Einnig vekur athygli hversu lágt mat náttúrusvæði í nálægð við höfuðborgarsvæðið eins og Reykjanes og Hengilssvæðið fá. Miðað við röðun virkjunarkosta er búið að ráðstafa þessum svæðum algerlega á forsendum orkuvinnslu. Framtíðarlandið lítur svo á, eins og fram kemur á heimasíðu rammaáætlunar, að niðurstöður faghópanna eru ekki lokaniðurstaða 2. áfanga áætlunarinnar og er þessi áfangi því aðeins einn liður í samræðu stjórnvalda og almennings um ráðstöfun á náttúru Íslands.

Fyrir hönd stjórnar Framtíðarlandsins,

Þröstur Sverrisson
formaður stjórnar